

**Nd.**

**382. Nefndarálit**

**[33. mál]**

um frv. til skipulagslaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið um það um-sagnir frá skipulagsnefnd ríkisins og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins, Hjálmar Vilhjálmsson, mætti á einum fundi nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið. Breytingartilögur Sambands ísl. sveitarfélaga voru vandlega athugaðar og sumar þeirra teknar til greina. Skipulagsnefnd ríkisins mælti með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim brtt., sem prentaðar eru á þskj. 383. Nefndarmennirnir Jón Skaftason og Matthías Ingibergsson áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartilögum.

Alþingi, 16. marz 1964.

Guðlaugur Gíslason,	Birgir Finnsson,	Matthías Bjarnason.
form.	fundaskr., frsm.	
Jón Skaftason.	Matthías Ingibergsson.	